



Ársreikningur Langanesbyggðar 2013



Greinargerð
Ólafur Steinarsson
Sigríður Jóhannesdóttir

Efnisyfirlit:

A -hluti	3
A- og B-hluti.....	3
A-og B-hluti – Rekstrartekjur.....	3
A-og B-hluti – Rekstrargjöld	3
Fjármagnskostnaður.....	4
Afkoma B hluta stofnana.....	4
Fjárfestingar og fjármunahreyfingar	4
Niðurlag	5

Inngangur

Ársreikningur Langanesbyggðar A og B hluta sjóða fyrir árið 2013 voru lagðir til fyrri umræðu 3. apríl 2014 og var samþykktur í seinni umræðu þann 30. apríl 2014. Ársreikningi er skilað með hagnaði upp á 6,1 m.kr.

A -hluti

Heildartekjur A hluta sveitarsjóðs voru 504,1 m.kr. á árinu 2013 samanborið við 460,0 m.kr. á árinu 2012. Hækkunin á milli ára nemur alls 9,6%.

Heildartekjur A hluta skiptast í útsvar og fasteignaskattur 237,6 m.kr., framlög jöfnunarsjóðs 165,9 m.kr. og aðrar tekjur 100,6 m.kr.

Heildargjöld A hluta voru 472,2 m.kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Afskriftir árið 2013 voru 30,6 m.kr. Heildargjöld A hluta með afskriftum eru 502,9 m.kr. en voru 434,2 m.kr. árið 2012. Hækkun frá fyrra árið nemur 15,8%. Fjármagnsgjöld A hluta fyrir árið 2013 voru neikvæð um 21,9 m.kr. samanborið við neikvæð fjármagnsgjöld um 28,1 m.kr á árinu 2012. Þetta er lækkun um 22,1%.

Rekstrarniðurstaða A-hluta að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsgjalda árið 2013 er neikvæð um 20,7 m.kr. samanborið við neikvæða rekstrarniðurstöðu árið 2012 um 2,3 m.kr.

Framlög A hluta til B hluta fyrirtækja á árinu 2013 til að mæta halla B-hluta fyrirtækja námu alls 7,6 m.kr. Vegna félagslegra íbúða alls 2,8 m.kr. og vegna Dvalarheimilisins Nausts 4,8 m.kr. Þetta skýrir hluta af halla A hluta sveitarsjóðs.

Afkoma A hluta sveitarsjóðs er fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) jákvæð um 31,8 m.kr. Samstæðan öll er þ.e. A hluti að viðbættum B hluta sjóðum er rekinn með 87,3 m.kr. hagnaði á sama grunni (EBITDA)

A- og B-hluti

Heildartekjur A og B hluta voru 668,1 m.kr. samanborið við 653,9 m.kr. á árinu 2012. Hækkunin nemur 2,2% og skýrist af hækkun skatttekna. Heildargjöld A og B hluta fyrir fjármagnsliði voru 630,5 m.kr. en voru 546,0 m.kr. á árinu 2012. Hækkun frá fyrra ári nemur því 15,5%. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði fyrir samstæðuna var því jákvæð um 37,6 m.kr. en var 107,8 m.kr. á árinu 2012. Þegar tekið hefur verið tillit til fjármunatekna og fjármunagjalda að fjárhæð 31,5 m.kr. þá er samstæðan öll rekin með 6,1 m.kr hagnaði árið 2013 en var rekin með 57,5 m.kr. hagnaði árið 2012.

A-og B-hluti – Rekstrartekjur

Rekstrartekjur eru 668,1 m.kr.

Útsvar og fasteignaskattar eru 235,7 m.kr samanborið við 223,0 m.kr árið 2012. Framlög jöfnunarsjóðs eru 165,9 m.kr. samanborið við 140,5 m.kr. árið 2012. Skatttekjur samtals 401,6 samanborið við 363,4 m.kr. árið 2012.

Aðrar tekjur skiptast í þjónustutekjur, eignartekjur, endurgreiðslur, aðrar tekjur og innri viðskipti. Þær eru 266,6 m.kr. og eru að lækka á milli ára en eru hærrí en áætlun gerði ráð fyrir.

A-og B-hluti – Rekstrargjöld

Rekstrargjöld A og B hluta samanstendur af launum, og launatengdum gjöldum, öðrum rekstrarkostnaði og afskriftum. Rekstrargjöld A og B hluta námu alls 630,5 m.kr. en voru 546,0 m.kr. á árinu 2012. Hækkunin nemur alls 15,5%.

Laun- og launatengd gjöld eru samtals 363,7 m.kr samanborið við 309,4 m.kr. Þarna er um að ræða umtalsverða hækkun á milli ára. Laun- og launatengd gjöld eru einnig mun hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld lækkuðu á milli ára 2011 og 2012. Laun og launatengd gjöld voru alls 54,4% af rekstrartekjum Langanesbyggðar árið 2013 samanborið við 47,3% árið 2012. Hlutfall launa og launatengdra gjalda af heildartekjum er svipað fyrir árið 2013 og var árið 2011.

Annar rekstrarkostnaður samanstendur af vöru- og þjónustukaup, sköttum og öðrum opinberum gjöldum, styrkjum, framlögum og öðru kostnaði og innri viðskiptum. Annar rekstrarkostnaður er 217,1 m.kr. samanborið við 190,1 m.kr. árið 2012.

Fjármagnskostnaður

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu alls 31,5 m.kr. en voru 50,3 m.kr. á árinu 2012. Lækkun frá fyrra ári nemur 89,3% og skýrist af hagstæðri þróun á gengi íslensku krónunnar og lægri verðbólgu. Fjármagnsgjöld skiptast í eftirfarandi: Vaxtatekjur og verðbætur nema alls 1,9 m.kr., arður af eignum 2,2 m.kr., vaxtagjöld og verðbætur 39,9 m.kr og lækka umtalsvert á milli ára og gengismunur 4,2 m.kr.

Afkoma B hluta stofnana

Tekjur hafnarsjóðs lækkuðu á milli ára og voru fyrir árið 2013 alls 86,9 m.kr. Rekstargjöld hækkuðu lítið eitt á milli ára og voru 55,5 m.kr. Vaxtagjöld og verðbætur lækkuðu umtalsvert á milli ára. Rekstarniðurstaðan fyrir hafnarsjóð var því 31,4 m.kr. samanborið við 28,2 m.kr. árið 2012. Árið 2013 var höfnin á Þórshöfn dýpkuð og höfnin á Bakkafirði lagfærð og voru þetta alls framkvæmdir fyrir rúmlega 200 m.kr.

Dvalarheimilið Naust var rekið með tapi árið 2013 um 5,5 m.kr. Þrátt fyrir að Langanesbyggð legði fram 4,8 m.kr. úr A hluta sveitarfélagsins. Er þetta mikill viðsnúningur frá árinu 2012. Rekstur heimilisins árið 2013 var mjög erfiður þar sem nýtingin á dvalarrýmum fór niður í 50%. Það þýddi fyrir rekstur heimilisins umtalsvert tekjutap án þess að hægt væri að lækka gjöld á móti. Áætlanir um rekstargjöld fyrir árið 2013 stóðust að mestu. Nýtingin á Nausti þáð sem af er 2014 hefur verið mun betri og því er útlit fyrir að rekstrarárið 2014 verði mun betra.

Aðrar B hluta stofnanir voru í ágætu jafnvægi árið 2013.

Fjárfestingar og fjármunahreyfingar

Árið 2013 var mikið framkvæmt í Langanesbyggð eða fyrir 150,3 m.kr. Þá var einnig farið að undirbúa umtalsverðar breytingar á lánasafni sveitarfélagsins með endurfjármögnun. Endurfjármögnunin átti sér stað í upphafi árs 2014.

Framkvæmdir

Framkvæmdir sem tilheyra eignarsjóði voru endurbætur á fasteignum s.s. skipt um þak á Þórsveri og á Grunnskólanum á Bakkafirði, steyptar gangstéttar, tjaldsvæðið lagfært, farið í framkvæmir vegna útsýnispalls á Skoruvíkurbjargi ásamt fjárfestingum í tækjum og búnaði. Framkvæmdir í eignarsjóði voru fyrir 54,6 m.kr.

Þá var keypt bifreið í þjónustumiðstöð.

Hafnarframkvæmdir hafnarsjóðs voru til eignfærslu alls 89,9 m.kr.

Skuldir og skuldahlutfall

Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 394,2 m.kr. og skiptast í langtímalán að fjárhæð 346,7 m.kr. og næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 47,5 m.kr.

Lánasafnið greinist þannig að 90,3% skulda sveitarfélagsins eru verðtryggð lán í íslenskum krónum.

Áætlaðar afborganir A og B hluta af langtímalánum á árinu 2013 eru áætlaðar 47,5 m.kr. og veltufé frá rekstri sveitafélagsins nam 66,6 m.kr. á árinu 2013. Veltufé er því að standa undir greiðslubirgði lána.

Í byrjun ársins 2014 hefur sveitarfélagið endurfjármagnað hluta af langtímalánum sínum. Það hefur einfaldað lánasafnið og lækkað greiðslubirgði hvers árs. Í endurfjármögnuninni voru greidd upp íslensk verðtryggt lán og erlent lán og óverðtryggt lán tekið á móti.

Skuldahlutfall A og B hluta Langanesbyggðar er 84,6% í árslok 2013.

Sjóðsstreymi.

Samkvæmt sjóðsstreymisyfirliti 2013 nam veltufé frá rekstri A og B hluta 66,6 m.kr. samanborið við 111,2 m.kr. á árinu 2012. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri A og B hluta um 132,2 m.kr. samanborið við 107,5 m.kr. á árinu 2012.

Fjárfesting umfram sölu eigna í A og B hluta nam samtals 146,8 m.kr. samanborið við sölu eigna umfram fjárfestina að fjárhæð 35,5 m.kr. á árinu 2012.

Fjármögunarhreyfingar ársins fyrir A og B hluta sýna að útborganir umfram innborganir voru 46,4 m.kr. á árinu 2013. Fjármögnunarhreyfingar ársins eru eingöngu afborganir af lána og leiguskulda en engar lántökur voru á árinu.

Handbært fé lækkaði því um 61 m.kr. og nam það 11,3 m.kr. í árslok 2013.

Niðurlag

Rekstarárið 2013 var nokkuð erfitt. Þrátt fyrir að tekjur væru umtalsvert hærrí en áætlanir gerðar ráð fyrir þá voru einstaka málaflakkar sem fóru talsvert fram úr þeim áætlunum sem gerðar voru fyrir árið. Þetta á einkum við varðandi reksturinn á íþróttahúsinu, fræðslumálaflokkinn í heild sinni og eins voru veruleg vonbrigði með afkomuna á Dvalarheimilinu Nausti.

Áætlanir fyrir árið 2014 taka mið af útkomuspá fyrir árið 2013 og var mikil vinna lögð í að setja allar áætlanir fyrir hverja deild fyrir sig niður á mánuði. Nú eru keyrð út rekstraruppgjör fyrir hvern mánuð fyrir sig sem sýnir okkur hvernig reksturinn er að þróast frá mánuð til mánaðar. Svo virðist vera sem kostnaðaráætlanir séu að mestu að ganga eftir en tekjuforsendur eru ekki að ganga eftir í upphafi árs sem rekja má beint til aflabrests í upphafi árs. Deildarstjórar fá uppgjör fyrir hvern mánuð fyrir sig og hafa þá tækifæri í samstarfi við skrifstofu til að bregðast við ef áætlunin er ekki að ganga eftir. Sveitarstjórn fær einnig mánaðarleg uppgjör afhent á sveitarstjórnarfundum og er þar með haldið upplýstum um gang mála og stefnt er á að íbúum verði gerð mánaðarlega grein fyrir þessum uppgjörum á vef sveitarfélagsins.